

Lýðheilsusjóður
08 303

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lýðheilsusjóður

Fjárlagaliðurinn er í umsjón Embættis landlæknis

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lýðheilsusjóður er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um Landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 og reglugerð um Lýðheilsusjóð nr. 1260/2011.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 254,9 milljónir og afkoma kr. 13,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 23,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 24,1 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lýðheilsusjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lýðheilsusjóðs fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Alma D. Möller,
landlæknir

(Undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	254.900.000	260.100.000
Tekjur samtals		254.900.000	260.100.000
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	238.534.000	248.378.048
Annar rekstrarkostnaður	4	2.468.747	3.768.251
Gjöld samtals		241.002.747	252.146.299
Afkoma ársins		<u>13.897.253</u>	<u>7.953.701</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(468.747)	(1.768.251)
Rekstrartilfærslur		14.366.000	9.721.952
		<u>13.897.253</u>	<u>7.953.701</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	5	23.120.983	10.930.831
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.000.000	0
Veltufjármunir samtals		<u>24.120.983</u>	<u>10.930.831</u>
Eignir samtals		<u>24.120.983</u>	<u>10.930.831</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	6		
Hrein eign		23.120.983	9.223.730
Eigið fé samtals		<u>23.120.983</u>	<u>9.223.730</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		0	1.707.101
Ýmsar skammtímaskuldir		1.000.000	0
Skuldir samtals		<u>1.000.000</u>	<u>1.707.101</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>24.120.983</u>	<u>10.930.831</u>
Aðrar upplýsingar	7		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		13.897.253	7.953.701
		<u>13.897.253</u>	<u>7.953.701</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(1.000.000)	0
Tengdir aðilar		(12.190.152)	(6.049.401)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(707.101)	(1.904.300)
		<u>(13.897.253)</u>	<u>(7.953.701)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	254.900.000	260.100.000
	<u>254.900.000</u>	<u>260.100.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	2.000.000	252.900.000	0	254.900.000
Fjárveiting til tekna	2.000.000	252.900.000	0	254.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(2.468.747)	(238.534.000)	0	(241.002.747)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(468.747)	14.366.000	0	13.897.253

	2022	2021
3 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	177.835.000	176.965.000
Rekstrartilfærslur aðrir	60.699.000	71.413.048
	<u>238.534.000</u>	<u>248.378.048</u>

4 Annar rekstrarkostnaður

Fundir, námskeið, risna	610.730	691.020
Sérfræðiþjónusta	0	1.376.694
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	290	0
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	210.939	178.322
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	821.959	2.246.036
Afnotagjöld	1.646.788	1.522.215
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	1.646.788	1.522.215
Annar rekstrarkostnaður samtals	2.468.747	3.768.251

31.12.2022 **31.12.2021**

5 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	23.120.983	10.930.831
	<u>23.120.983</u>	<u>10.930.831</u>

6 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2022 **31.12.2021**

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	9.223.730	1.270.029
Afkoma ársins	13.897.253	7.953.701
Jöfnuður 31.12.	<u>23.120.983</u>	<u>9.223.730</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

7 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi þjónustusamning um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfis. Samningurinn er ótímabundinn en með þriggja mánaða uppsagnarákvæði. Árlegar greiðslur vegna samningsins nema 1,8 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru á hvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.